

## Verndun Þjórsár

Ég geri alvarlegar athugasemdir við veru Urriðafoss í eyðileggingarflokki (eða nýtingarflokki eins og hann er kallaður) þingsályktunartillögu um Rammaáætlun. Satt best að segja mótmæli ég áætlunum um allar þrjár Þjórsárvirkjanir – Hvamms- og Holtavirkjun ekkert síður en Urriðafossvirkjun. Fyrir því eru fjölmargar ástæður sem snúa að félagslegum þáttum jafnt sem náttúrufræðilegum.

Ferli fyrirhugaðra framkvæmda í Þjórsá hefur hingað til verið til marks um slíka valdniðslu að verði að smíði þeirra og orkuframleiðslu er í leiðinni lögð blessun yfir algjört ofurvald ríkis- og markaðsvaldsins. Landsvirkjun hefur með framgangi sínum í Þjórsárdeilunni sýnt slíkan valdshroka að komi Alþingi til með að veita verkefninu réttan stimpil svo framkvæmdir megi hefjast verður það hérlandum orkufyrirtækjum einungis fordæmi fyrir enn ofbeldisfyllri starfsaðferðum í komandi framtíð. Ráðamenn á Háaleitisbrautinni hafa til að mynda hót að beita áhrifum sínum til þess að hægt sé að taka með valdi lönd bænda sem ekki eru hliðhollir virkjun Þjórsár. Þær hótanir birtust síðast stuttu eftir að þessi sömu bændur höfðu tilkynnt Landsvirkjun að umræður þeirra við fyrirtækið heyrðu nú sögunni til.<sup>1</sup>

Þessi vanvirðing við íbúa svæðisins er þó ekkert einsdæmi, engin undantekning, heldur reglan þegar kemur að slíkum framkvæmdum. Í grein sinni, Greenwashing Hydropower, segja Aviva Imhof frá mannréttinda- og umhverfissamtökunum International Rivers og Guy R. Lanza, prófessor í örverufræði við Massachusetts háskólann:

According to the independent World Commission on Dams, most projects have failed to compensate affected people for their losses and to adequately mitigate environmental impacts. Local people have rarely had a meaningful say in whether or how a dam is implemented, or received their fair share of project benefits.<sup>2</sup>

Efst í verkfærakassa Landsvirkjunar hafa verið og eru ennþá mútur sem af óttablandinni virðingu við valdhafa má ekki kalla mútur.<sup>3</sup> En það er engin ástæða til að kalla hlutina röngum nöfnum: Skófla er skófla, mútur eru mútur. Og rétt eins og vanvirðingin og yfirgangurinn í garð íbúa svæðisins, þá virðast mútur og aðrar birtingarmyndir spillingar spila lykilhlutverk við virkjanaframkvæmdir:

Needless to say, corruption also plays a key role. A dam involves a huge upfront investment of resources, making it easy for government officials and politicians to skim some off the top. One of the most egregious examples of corruption involving a dam project is the Yacyretá Dam on the Paraná River, between Argentina and Paraguay. In the 1980s, the cost of this "monument to corruption" (in the words of former Argentine president Carlos Menem) ballooned from an original estimate of \$1.6 billion to more than \$8 billion. In 2002 and 2003, several of the biggest dam-building companies in the world were convicted of bribing the former director of the Lesotho Highlands Development Authority to win contracts on Lesotho's Katse Dam.

1 „Virkjað út í loftið“, Róstur vefrit, 9. mars 2011, <http://rostur.org/allt/frettir/virkjad-ut-i-loftid>, síðast skoðað 11. nóvember 2011.

2 Aviva Imhof and Guy R. Lanza, „Greenwashing Hydropower“, World Watch Magazine, janúar/febrúar 2010, 23. bindi, nr. 1, sótt á: <http://www.worldwatch.org/node/6344>, síðast skoðað 11. nóvember 2011.

3 T.d. „Landsvirkjun greiddi sveitastjórnarmönnum fyrir skipulagsvinnu“, Vísir.is, 2. september 2009, <http://www.visir.is/landsvirkjun-greiddi-sveitastjornarmonnum-fyrir-skipulagsvinnu/article/2009227923155>, síðast skoðað 11. nóvember 2011.

Masupha Sole accepted around \$2 million in bribes from major dam-building firms such as Acres International of Canada and Lahmeyer International of Germany. In China, corrupt local officials stole millions of dollars intended for people displaced by the Three Gorges Dam. At least 349 people have been found guilty of embezzling a total of about 12 percent of the project's resettlement budget.<sup>4</sup>

Virkjun neðri hluta Þjórsár væri því til þess eins að viðhalda hnattrænu mynstri vanvirðingar, ofrikis og spillingar, samofnu virkjanaframkvæmdum. Með verndun Þjórsár gefst hins vegar tækifæri til að koma í veg fyrir að enn eitt skólabókardæmið um ofangreint mynstur verði að veruleika, frekar en nú þegar er orðið. Og svara þannig í leiðinni ákalli ungra heimamanna sem fyrr á árinu kölluðu eftir yfirlýsingu frá sitjandi valdhöfum þess efnis að ekki verði af virkjunaráformunum og þannig megi „binda enda á þann klofning og óvissu sem hefur ríkt í sveitarfélögum okkar [ungra heimamanna við Þjórsá] um árabíl vegna þeirra.“<sup>5</sup>

Í mati á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkjunar frá 2007 fjallar Dr. Ragnhildur Sigurðardóttir, vistfræðingur, meðal annars um áhrif virkjunarinnar á laxastofn Þjórsár og fullyrðir að verði að virkjuninni „komi stærsti laxastofn á Íslandi [til með] að verða fyrir miklum skakkaföllum. Aldrei fyrr hafa menn stefnt að því líkum framkvæmdum í laxveiðiám á Íslandi.“ Ragnhildur heldur áfram og setur málið í hnattrænt samhengi:

Alþekkt er að margir stórir laxastofnar hafa orðið útdauðir eða nánast útdauðir við virkjun áa jafnt í Evrópu, í N-Ameríku sem og annars staðar í heiminum. Fram kemur í matskýrslu að nær allar hrygningar- og uppeldsistöðvar fyrir lax séu ofan Urriðafoss, þannig að ef ekkert er að gert þá mun framkvæmdin að miklu leiti taka fyrir nýliðun í laxastofninum ef virkjað verði við Heiðartanga. Gera má því ráð fyrir að stofnar göngufiska í Þjórsá hrynji algerlega eða verði jafnvel útdauðir nema hægt verði að koma seiðunum óhnjöskuðum til sjávar.<sup>6</sup>

Ragnhildur er einungis ein fjölmargra sem óttast um fiskistofna Þjórsár og hafa andstæðingar virkjunaráformana árum saman bent á hættuna á útrýmingu fiskistofna komi til framkvæmdanna. Nýlega flutti Margaret J. Filardo, prófessor í líffræði og forstöðumaður Fiskvegamiðstöðvarinnar í Oregonfylki í Bandaríkjunum, fyrirlestur í Háskóla Íslands, þar sem hún sagði líklegt að Urriðafossvirkjun myndi hafa afar neikvæð áhrif á lífríki fiska í ánni. Filardo bar Þjórsá saman við Columbia ána í Bandaríkjunum og sagði aðstæður ána tveggja sambærilegar en í kjölfar virkjunar hinnar síðarnefndu dó meginþorri fiskistofna hennar út. Í fyrirlestrinum sagðist Filardo efast um að laxastigar sem Landsvirkjun hefur sagst ætla að reisa við stífluna myndu hafa nokkur áhrif og hafði RÚV eftir henni að „rannsóknir sýni að til lengri tíma litið deyi fiskistofnar samt sem áður út.“<sup>7</sup> Sömu efasemdir setur Ragnhildur Sigurðardóttur fram í ofangreindri skýrslu.

Guðmundur Páll Ólafsson, náttúrufræðingur og rithöfundur, hefur síendurtekið vakið athygli á þeim hættum sem skapast þegar fíktað er í samofnum vistkerfum og þá einna helst þegar jökulár eru stíflaðar. Hann hefur ekki einungis beint sjónum að ferskvatnsfiski heldur einnig þorsknum sem Guðmundur

4 Aviva Imhof and Guy R. Lanza, „Greenwashing Hydropower“, World Watch Magazine, janúar/febrúar 2010, 23. bindi, nr. 1, sótt á: <http://www.worldwatch.org/node/6344>, síðast skoðað 11. nóvember 2011.

5 „Ungir heimamenn vilja ekki Þjórsárvirkjanir! – Yfirlýsing samþykkt af opnum fundi 2. mars 2011“, t.d. á Saving Iceland, 4. mars 2011, <http://www.savingiceland.org/is/2011/03/ungir-heimamenn-vilja-ekki-thjorsarvirkjanir-2/>, síðast skoðað 11. nóvember 2011.

6 Ragnhildur Sigurðardóttir, „Umhverfisáhrif Urriðafossvirkjunar – mat á stöðu þekkingar og matskýrslu“, Stokkseyrarseli, september 2007

7 „Óttast fiskidauða í Þjórsá“, RÚV, 4. nóvember 2011, <http://www.ruv.is/frett/ottast-fiskidauða-i-thjorsa>, síðast skoðað 11. nóvember 2011.

fullyrðir að viti að „hollt er að eiga samleið með jökulám landsins. Hann [þorskurinn] veit að við ósa þeirra henta aðstæður hrygningu og klaki enda eru jökulfljótin einskonar skapanornir þorsksins.“ Um samspil lands og sjávar segir Guðmundur:

Þegar vorið vitjar sjávarins bráðnar klaki og snjór á landi, lækir þrútna og ár hlaupa. Vorflóð eru næringarsturta sjávar. Þau töfra fram þrennt í senn: flytja framburð og uppleyst næringarefni og mynda ferskvatnshimnu ofan á sjónum – og þar sem ferska lagið mætir því salta blómgast þörungalíf og svifdýr tímgastr. Þörungar eru æti svifdýra og svifdýrin æti þorskseiðanna en líka loðnuseiða svo dæmi séu tekin af stofnum sem eru í hættu. Samspilið þarf að vera ein allsherjar harmonía á þeirri ögurstund þegar seiðin leita ætis. Þetta samofna lífkerfi lands og sjávar – þar sem Þjórsá er helsta lífæðin – var ekki ofið í gær, heldur hefur viska náttúrunnar tvínað samhengið – í Íslands milljón ár.

Þegar önnur eins Auðhumla og Þjórsá er margstífluð geldist hún rétt eins og aurugar ár um alla Jörð sem teknar hafa verið úr sambandi. Vorflóð minnka, dægursveiflur og haustflóð hverfa; framburður, uppleyst steinefni og næringarefni sitja eftir í stíflum og lífhimnan sem ferskvatnið myndar veikist – allt á kostnað vistkerfis strandsjávar og hafs.<sup>8</sup>

Guðmundur bendir á að af öllum aðferðum mannsins til eyðileggingar vistkerfa er bygging stíflna ein sú öflugasta. Undir það tekur fjöldi náttúruverndarsinna og vísindamanna, til að mynda aðstandendur mannréttinda- og umhverfissamtakanna International Rivers sem meðal annars vitna í S.L. Postel:

Large dams and river diversions have proven to be primary destroyers of aquatic habitat, contributing substantially to the destruction of fisheries, the extinction of species, and the overall loss of the ecosystem services on which the human economy depends. Their social and economic costs have also risen markedly over the past two decades.<sup>9</sup>

Ofangreindar viðvaranir eru einungis dropi af þeim hafsjó af gagnrýni sem fyrirfinnst á stíflugerð, sem fyrst og fremst er byggð á sögulegri reynslu af afleiðingum virkjunar á lífríki í ám og sjó, í bland við öllum auðskiljanlegar staðreyndir um hið ofureinfalda en á sama tíma gríðarflókna jafnvægi sem vistkerfi plánetunnar byggir á. Slíkar upplýsingar standa hverjum sem er til boða að kynna sér og sömu sögu má segja um allar þær upplýsingar sem lúta að félagslegum áhrifum virkjanna. Sú staðreynd að við gerð Rammaáætlunnar skuli nánast horft framhjá þessum þáttum og gefið til kynna að virkjun Þjórsár sé eilítið smotteri – aðeins rétt minnst á að helstu áhrif hennar séu á laxastofninn – er hins vegar til marks um að þeir sem að gerð Rammaáætlunar hafa hingað til komið hafi fylgt, að því er virðist, því meginviðmiði þegar kemur að pólitískri, og þar með félagslegri og vistfræðilegri ákvarðanatöku, umfjöllun og umræðu, að líta framhjá þeim aragrúa staðreynda og vísbendinga sem ættu að verða lágmarks viti bornum mönnum ástæða til þess að staldra við og endurskoða afstöðu sína. Við gerð draga að þingsályktunartillögu um Rammaáætlun virðist hins vegar sem örökstudd og upplásin krafa ákveðinna ríkis- og markaðsafla um virkjun Þjórsár hafi vegið þyngra en rök, reynsla og þekking þeirra sem virkilega hafa lagt sig fram við að útvega raunsæja og rétta mynd af fyrirhuguðum virkjanaframkvæmdum og alhliða áhrifum þeirra.

8 Guðmundur Páll Ólafsson, „Er þekking best í hófi í þekkingarsamfélagi?“, Saving Iceland, 8. mars 2009, <http://www.savingiceland.org/is/2008/03/er-%C3%BEekking-best-i-hofi-i-%C3%BEekkingarsamfelagi/>, síðast skoðað 11. nóvember 2011.

9 Postel SL, „Water for food production: Will there be enough in 2015?“, BioScience 48: 629–637, 1998. Tilvitnun sótt í David M. Rosenberg, Patrick McCully og Catherine M. Pringle, „Global-Scale Environmental Effects of Hydrological Alterations: Introduction“, International Rivers, <http://www.internationalrivers.org/en/node/490>, síðast skoðað 11. nóvember 2011

Til viðbótar við þá gagnrýni sem hér birtist – og er auðvitað einungis toppurinn af toppi ísjakans þegar að gagnrýni á virkjun Þjórsár kemur – ætti auðvitað að taka inn í myndina hvaða iðnaði fyrirhuguð orka úr Þjórsárvirkjunum er ætluð. Þrátt fyrir yfirlýsingar Landsvirkjunar þess efnis að orkan sé ekki ætluð álframleiðslu er stöðugt fleira sem bendir til þess orkunni sé einmitt ætlað að knýja fyrirhugað álver Century Aluminum í Helguvík.<sup>10</sup> Óþarfi er að deila um þá staðreynd að áliðnaðurinn er fyrst og fremst hnattrænn einokunarhringur sem keyrður er áfram af námufyrirtækjum, málmaframleiðendum, ríkisstjórnunum, fjárfestingarbönkum og vopnaframleiðendum – og byggir á blóðugu og umhverfiseyðileggjandi framleiðsluferli allt frá vöggu til grafar.<sup>11</sup> Þar er Century Aluminum svo sannarlega ekki undanskilið.<sup>12</sup> Í ljósi þess að hvergi nokkurn tíma hefur farið fram pólitískt uppgjör við þá stefnu sem mörkuð var með útgáfu auglýsingabæklingisins *Lowest Energy Prices!!* rétt fyrir síðustu aldamót – sem gagnert var framleiddur til þess að laða áliðnaðinn og annan tengdan iðnað til Íslands – er ómögulegt að halda öðru fram en að orkuframleiðsla næstu áratuga á Íslandi sé enn hugsuð til þess að fæða og klæða áliðnaðinn. Það gerir það svo ómögulegt að halda áliðnaðnum og umhverfislegum jafnt sem félagslegum áhrifum hans aðskildum umræðunni um orkunýtingu íslenskra auðlinda.

Að ofansögðu ítreka ég andstöðu mína við veru neðri Þjórsár í nýtingarflokki Rammaáætlunar og krefst þess að verði hún ekki færð beint upp í verndarflokk sé henni í það minnsta gefið háseti í biðflokki þangað til nægri skynsemi hefur verið safnað saman meðal þartilgerðra ákvarðanahafa til að taka loks ákvörðun um verndun hennar. Leiki enn einhver vafi á því hvers vegna vernda skuli Þjórsá fylgir með neðanmálgreinum þessarar greinar fjöldi ábendinga um lesefni sem gott er að byrja á til að opna dyrnar að nánast ótæmandi brunni gagnlegrar gagnrýni á virkjanaframkvæmdir.

*Snorri Páll Jónsson*

---

10 T.d. Sigmundur Einarsson, „Heimskra manna ráð“, Smugan, 26. október 2011, <http://smugan.is/2011/10/heimskra-manna-rad/>, síðast skoðað 11. nóvember 2011, og „The Þjórsá Farce Continues – Are the Dams Planned for Aluminium Production?“, Saving Iceland, 15. febrúar 2011, <http://www.savingiceland.org/2011/02/the-thjorsa-farce-continues-are-the-dams-planned-for-aluminium-production/>, síðast skoðað 11. nóvember 2011.

11 T.d. Felix Padel og Samarendra Das, *Out of This Earth: East India Adivasis and the Aluminium Cartel*, Orient BlackSwan, 2010

12 Donal O'Driscoll, „Frá Síberíu til Íslands: Century Aluminum, Glencore International og skuggaveröld námuvinnslu“, Saving Iceland, 9. nóvember 2011, <http://www.savingiceland.org/is/2011/11/fra-siberiu-til-islands-century-aluminum-glencore-international-og-vinattuvaeding-i-heimi-namuvinnslu-3/>, síðast skoðað 11. nóvember 2011.